



Afmælikveðja frá forseta Íslands

Leiksýning er lifandi ævintýri. Samtöl og söngur, túlkun og dans, tónlist og leiktjöld skapa nýjan heim og lífið verður litríkara. Okkur eru gefnar gleðistundir og við fögnum flytjendunum innilega.

Sumar sýningar verða dýrmæt reynsla og færa okkur nýjan vitnisburð um hæfileikana sem í fólkinu búa.

Leikhópurinn Perlan hefur sameinað þetta allt og í raun breytt lífsviðhorfum þúsunda Íslendinga og áhorfenda frá öðrum löndum sem hrifist hafa af framgöngu leikaranna.

Perlan er raunar sjálf stórkostlegt ævintýri – og líka sannkallað kraftaverk – og við erum einstaklega þakklát fyrir þá fallegu festi sem Perlufélagar hafa þrætt á umliðnum aldarfjórðungi.

Er ferillinn virkilega orðinn svona langur? Það virðist svo skammt síðan Perlan steig fyrst á svið og færði út kvíar hins mögulega. Síðan hafa áhrif hennar vaxið jafnt og þétt og leikhópurinn á nú traustan sess í menningarlífi Íslendinga og mótar einnig siðræn gildi okkar á nýrri öld.

Ég færi Perlufélögum innilegar hamingjuóskir og vona að þjóðin fái áfram að njóta hæfileika ykkar og leikgleði.

Sigríður Eyþórsdóttir á mikinn heiður skilinn fyrir sitt merka starf. Hún hefur verið sannkallaður brautryðjandi.

Einlægar afmælikveðjur.

(undirskrift)